

Yfirlýsing sérgreinalækna

vegna tengingar við netkerfi Sjúkratrygginga Íslands

Eftirfarandi yfirlýsing á við um tengingar við netkerfi Sjúkratrygginga Íslands (SÍ), kt. 650309-0220 hvort sem unnið er í upplýsingakerfum SÍ eða viðskiptavina. Yfirlýsing þessi er í samræmi við gæða- og upplýsingaöryggisstefnu og verklagsreglur sem grundvallaðar eru á staðlinum ÍST ISO 27001 um stjórnun upplýsingaöryggis, en einnig í lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000, með síðari breytingum.

Notkunar- og öryggisreglur

- Öll vinna samningsaðila á netkerfum, eða í gegnum netkerfi SÍ, og eftir atvikum við upplýsingakerfi SÍ, skal ávallt vera samkvæmt heimild, undir eftirliti og á annan hátt í samræmi við öryggisreglur SÍ sem byggðar eru á staðlinum ÍST ISO 27001 og reglugerð nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga.
- Samningsaðilar og samstarfsmenn þeirra skulu framfylgja lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000, með síðari breytingum ásamt reglugerð nr. 299/2001 og því verklagi sem má finna í staðlinunum ÍST ISO 27001 og ÍST ISO 27002 (áður BS 7799) sem vísað er í sem innihalda meðal annars eftirfarandi þætti:
 - *Eyðing persónuupplýsinga að notkun lokinni*
Hvernig staðið er að eyðingu persónuupplýsinga að notkun lokinni
 - *Aðgengi að húsnæði*
Hvernig aðgengi og öryggisvörslu er háttáð því húsnæði þar sem unnið er með tengingu við netkerfi SÍ eða tekið á móti rafrænum gögnum.
 - *Aðgengi að búnaði*
Hvernig aðgengi að búnaði viðsemjanda er stjórnað með aðgangsorðum eða öðrum aðferðum er samræmast öryggisreglum SÍ.
 - *Hlutverk og skyldur starfsmanna*
Hvernig hlutverki og ábyrgð starfsmanna varðandi öryggi upplýsinga er háttáð hjá viðsemjanda, þ.m.t. fræðsla og þjálfun starfsmanna.
 - *Skjalfestar trúnaðaryfirlýsingar starfsfólks*
Hvernig notkun trúnaðar- eða þagnarskylduákvæða í samningum starfsfólks er háttáð hjá viðsemjanda.
 - *Dulkóðun, eyðing persónuauðkenna*
Hvernig staðið er að dulkóðun og eyðingu persónuauðkenna ef um er að ræða gögn sem tengjast SÍ á einhvern hátt.
 - *Rekjanleiki*
Hvernig rekjanleika í kerfi viðsemjanda sem tengist netkerfi SÍ er háttáð.
 - *Sívirkar vírusvarnir*
Hvernig staðið er að vírusörnum í kerfum sem tengist netkerfi SÍ.

Þagnar- og trúnaðarskylda

- Samningsaðilar, samstarfsmenn þeirra og aðrir, sem samningsaðilar kunna að fela að vinna verk samkvæmt samningi þessum, eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem varðar samning þennan

og framkvæmd verka samkvæmt honum. Þagnarskylda þessi helst eftir að samningstíma lýkur eða honum hefur verið sagt upp.

- Samningsaðilum er óheimilt að færa sér í nyt upplýsingar eða vitneskju sem þeir verða áskynja vegna samnings þessa.
- Samningsaðilar skulu beita öllum eðlilegum ráðum til að koma í veg fyrir að aðrir hafi aðgang að trúnaðar- og öryggisupplýsingum SÍ.
- Samningsaðilar samþykkja að gera allar réttmætar öryggisráðstafanir og beita öllum nauðsynlegum ráðum með fræðslu, samningi eða á annan hátt, til að koma í veg fyrir að aðrir aðilar, en þar til bærir starfsmenn og viðsemjendur hans, hafi aðgang að þjónustu SÍ og rafrænum gögnum, í þeim tilgangi að tryggja öryggi gagna og upplýsinga sem fram koma í þeim. Samningsaðilar skulu varðveita trúnaðarupplýsingar með jafn öruggum hætti og eigin trúnaðarmál og í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma.

Aðrar ábyrgðir og skyldur

- Samningsaðilum ber að beina fyrirspurnum til og taka við fyrirmælum varðandi öryggi frá tilteknum tengilið hjá SÍ.
- Allur búnaður sem viðsemjendur leggja til við framkvæmd verks er á þeirra ábyrgð.

Pappírslaus viðskipti

- Rafræn skil á reikningum til SÍ jafngilda skilum á reikningi á pappír.
- Skrá sem inniheldur gögn með reikningum vegna sérfræðilæknishjálpar, sem læknir sendir yfir netið til SÍ, verður að vera vistuð útprentuð eða í tölvukerfi læknis, nákvæmlega eins og hún var send til SÍ.
- Sjúklingar skulu staðfesta með undirskrift sinni hverja komu til læknis annað hvort á útprentaðan reikning eða á annan skipulagðan hátt þar sem fram kemur dags. komu og upphæð reiknings. Sjúklingar fá afhent afrit reiknings.
- Gögn sem tilheyra viðkomandi reikningsgerð læknis ber að varðveita á skipulegan hátt.
- Rafræn færsla sé rekjanleg til reiknings. (númer reiknings)
- SÍ getur krafist þess að læknir leggi fram reikninga til grundvallar rafrænum færslum.

Ef SÍ óskar þess skal læknir senda stofnuninni ofangreind gögn. Jafnframt geta starfsmenn SÍ óskað eftir að skoða gögnin á starfsstöð læknis.

Undirritaður staðfestir með undirritun sinni að hann muni í einu og öllu virða framangreind fyrirmæli.

Staður og dagsetning undirritunar:

Nafn viðsemjanda:

Kennitala viðsemjanda:

Tengiliður viðsemjanda hjá SÍ: